

hann það ekki lengur. Þó var það, eins og móðir hans sagði, gert hans vegna. Hann leit á hið sorgmædda andlit móður sinnar og sárkendi í brjósti um hana. Svo laut hann niður að henni: "Íttu upp mamma. Ég lofa þér, að tala aldrei illa um föður minn. Það er eins og þú segir, hann hefir látið blindast af umhyggju fyrir mér. Ég bæði játa það og trúi því. Ég skal aldrei tala um þetta, og reyna að gleyma því, að eins ef þú vilt verða ánægð aftur og reyna að brosa".

"Þú hefir ávalt verið óvanalega gott barn", sagði vesalings Lady Caren. "Mér hefir ávalt þótt mjög vænt um þig, og ég skal nú reyna að verða ánægð aftur".

"Það var ekki meining mín, að koma neinu illu af stað", sagði nú hershöfðinginn. "Mér fellur alt þetta mjög illa. Samt ált ég rétt, að þér fenguð að vita þetta, Allan".

"Ég er yður mjög þakklátur fyrir það", svaraði Allan lávarður strax, "annars hefði ég aldrei fengið að vita, hve góða og göfuglynda komu ég á. En nú skal sannleikurinn verða leiddur í ljós. Ekki einn einasta dag lengur vil ég vera í hámm fölsku stöðu minni. Allir skulu fá að vita, að Adalheiður var erfingi Brooklands, og hvernág öllu var háttað".

*Nú snéri Lady Caren sér aftur að syni sínum:

"Hvernág getur þú gert það, Allan, án þess að fólk fái að vita um, hvað þaðir þinn gerði?"

"Ég veit það ekki, mamma, en þú mátt vera fullviss um, að ég í framtíðinni að eins skal koma fram eins og ég í raun og veru er".

"Ég get ekki séð, að ueina nauðsyn beri til, að gera það kunnugt nú", sagði hershöfðinginn. "Því rettlætinn hefir nú verið fullnægt, og Adalheiður er eigandi Brooklands með fullum rétti. Lady Caren, fylgið ráði minn. Við skulum bæði fara út og láta